

Auglýsing um friðland við Varmárósa

Samkvæmt heimild í 24 gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa fitjar í óshólmum Varmár í Mosfellsbæ, og er svæðið friðland.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Að norðan eru mörkin dregin frá hugsuðum punkti 100 m norður af odda

Hestþinghóls og eftir aðalál Varmár austur að punkti merktum 1 ( $x = 10876.30$ ,  $y = 21520.86$ ) á korti við skurð, er liggur að Varmá 45 m austan við Skiphól. Að austan eru mörkin dregin frá fyrrnefndum punkti í punkt 2 ( $x = 11040.49$ ,  $y = 21273.76$ ), suðvestur af hesthúsunum. Frá þessum stað liggja mörkin í beina línu til norðvesturs um hugsaðan punkt 3 ( $x = 11220.32$ ,  $y = 21343.70$ ), þaðan í punkt 4 ( $x = 11232.48$ ,  $y = 21387.40$ ), í punkt 5 ( $x = 11268.82$ ,  $y = 21440.44$ ), í punkt 6 ( $x = 11310.64$ ,  $y = 21457.60$ ), í punkt 7 ( $x = 11345.92$ ,  $y = 21466.31$ ) og áfram 50m í sömu stefnu til sjávar og hugsuðum punkti vestan Hestþinghóls. Að vestan eru mörkin dregin frá þessum stað til norðurs að upphafspunkti. (Hnit þessi eru í hnitakerfi Reykjavíkur og nágrennis).

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

Mannvirkjagerð, jarðrask allt, svo og aðrar breytingar á landslagi, eru bannaðar.

Gangandi og ríðandi mönnum er heimil för um friðlandið, þannig að ekki brjóti í bága við friðlýsinguna. Ekki má nota vélknúin farartæki í friðlandinu.

Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og fara um friðlandið með skotvopn. Beit búfjár er óheimil í friðlandinu.

Óheimilt er að breyta straumskiptum í Leirvogi, þannig að áhrif hafi á skilyrði fyrir gróður og dýralíf á friðlandinu.

[Umhverfisstofnun] getur falið náttúruverndarnefnd Mosfellsbæjar umboð sitt til framkvæmdar á friðlýsingunni að nokkru eða öllu leyti.

Til undanþágu frá reglum þessm þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð stofnunarinnar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 453/1980 um friðland við Varmárósa.

Menntamálaráðuneytið, 10. nóvember 1987

Birgir Ísl. Gunnarsson.

---

Runólfur Þórarinnsson